

Fréttabréf

FIT



13. ÁRGANGUR // 3. TÖLUBLAÐ // NÓVEMBER 2016



Launakönnun

Viðhorfskönnun

Ferð heldri félagsmanna

Útskrift nýsveina

Birta lífeyrissjóður

Veðikortið



Félagsmenn mega vænta þess að Veðikortið 2017 verði komið í sölu hjá FIT fyrir jól og ætti þannig að ná í jólapakkann. Ekki er mikilla breytinga að vænta, en á síðasta ári voru 35 vötn og veiðisvæði á kortinu. Það eina sem þarf að gera þegar kortið

er komið í sölu er að fara inn á heimasíðu FIT, velja miðasölu og kaupa kort. Því miður er ekki komið verð á kortið þegar þetta er ritað og ekki er vænst mikillar hækkunar. Hver félagsmaður getur keypt eitt kort. Kortið kemur síðan með póstinum og þá er bara að pakka því inn og hengja á jólatréð.

Gleðileg jól

.....



Dagbókin 2017

Að venju verður Dagbók send til allra félagsmanna. Bókin er sérhönnuð fyrir tímaskráningu en einnig er þar að finna margskonar fróðleik. Það getur verið mjög hentugt að skrá alla vinnutíma hjá sér í dagbókina og nokkur dæmi þess að slík skráning hafi verið forsenda fyrir innheimtumálum.

Fréttabréf FIT
3. tbl. 13 árg. nóv. 2016

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Nýju félagsskírteinin

Nú eiga félagsmenn að vera komnir með rafræn auðkenniskort sem félagsskírteini í FIT. Útgáfu árlegra korta hefur þar með verið hætt og skírteininu ætlað að gilda til framtíðar.

Með rafrænu korti opnast möguleikar á allskonar notkun s.s. auðkenningu og greiðslu ýmissar þjónustu og má í því sambandi nefna að nú þegar er hægt að greiða bílastæðagjöld við Gullfoss og einnig í Vatnajökuls- og Þingvallabjörggarði.



GLEYMT EÐA GLATAÐ

Hafi félagsskírteini ekki borist félagsmanni eða það hefur glatast eru menn hvattir til að senda okkur línu á netfangið fit@fit.is og óska eftir skírteini. Þar sem útgáfan sjálf er ekki hjá FIT getur tekið nokkurn tíma að fá skírteinið en stefnt er að því að flýta ferlinu eins og hægt er.

AFSLÆTTIR

Munið að skírteinin veita afslátt í fjölda verslana en nöfn þeirra er að finna inná orlofssíðu FIT undir afslættir, en einnig á islandskortid.is/afslattur. Reglulega eru afslættir uppfærðir og nýir að bætast við svo við hvetjum félagsmenn til að fylgjast vel með.

.....

Bridge

Frá því í haust hafa bridge-menn verið að hittast og spila. Áfram verður haldið eftir áramót og verður spilað einu sinni í viku fram til vors. Spilað er í sal félaganna á sjöttu hæð í Borgartúni 30 og er þátttaka ókeypis. Tímasetningar og mótaskrá verður auglýst nánar á heimasíðu FIT um leið og þær liggja fyrir.



.....

Út í bláinn

Mínum á ferðirnar „Út í bláinn“ sem hefjast að venju eftir áramótin. Að jafnaði verður farið síðasta sunnudag í hverjum mánuði fram á vor. Fylgist með á heimasíðu FIT eða hringið í Þjónustuskrifstofu iðnfélaga 535 6000 til að fá frekari upplýsingar.

Lifir kjararáð í eigin heimi?

Ákvörðun kjararáðs um að hækka laun þingmanna og æðstu embættismanna ríkisins um allt að 45% vekur forundran. Með þessu grefur Kjararáð undan friði og stöðugleika á vinnumarkaði og kippir stöðum undan gildandi kjarasamningum. Að óbreyttu hlýtur kröfugerð í komandi kjaraviðræðum að taka mið af úrskurðinum.



ÁKVÖRDUN KJARARÁÐS VERÐI DREGIN TIL BAKA

Verkalýðshreyfingin hefur fordæmt niðurstöðu kjararáðs. Miðstjórn Samiðnar bendir á í ályktun að úrskurður kjararáðs sé ekki í samræmi við þann launaramma sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði. Færa má rök fyrir því að óbreytt niðurstaða sé ekki í samræmi við þau lög sem kjararáði er ætlað að starfa eftir en þar segir meðal annars í 9. grein: „Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.“ Ljóst má vera að þessu ákvæði er ekki framfylgt í úrskurðinum frá 29. október sl.

ASÍ bendir á í ályktun sinni vegna málsins að í stjórn málaumræðum á nýafstöðnu þingi ASÍ ítrekuðu flestir stjórn mála leiðtogar stuðning sinn við þá ábyrgu sýn sem felst í breyttum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga og vinnu til að skapa sátt á vinnumarkaði og leggja grunn að efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. ASÍ bendir á að úrskurður kjararáðs gengur þvert gegn slíkum sjónarmiðum. Síðan segir ASÍ: „Það er ekkert réttlæti í því að laun þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna hækki um allt að 75% á þremur árum á sama tíma og almenn laun í landinu hafa hækkað um 29%.“ ASÍ beinir í tilmælum til nýkjörins Alþingis að vilji það halda áfram samtali um stöðugleika og sátt á vinnumarkaði verði þingið að koma saman án tafar og draga hækkanirnar til baka ella verði óstöðugleiki og upplausn á vinnumarkaði í boði Alþingis.

Ég tek eindregið undir þau skilaboð og vænti þess að nýkjörnir þingmenn starfi með aðilum vinnumarkaðarins að því að viðhalda stöðugleika og sátt sem hefur verið í auglýsingu á vinnumarkaði en er nú teflt í tvísýnu.

KEÐJUÁBYRGÐ ÁN FREKARI TAFAR

Fleiri brýnar aðgerðir bíða nýrrar ríkisstjórnar og nýs Alþingis. Efst á blaði er að setja án tafar lög um keðjuábyrgð aðalverktaka og verkkaupa í tengslum við verklegar framkvæmdir. Frá 2011 hafa FIT og

Samiðn lagt mikla áherslu á að setja þurfi skýr lagaákvæði um að aðalverktakar og verkkaupi beri ábyrgð á að starfsmenn undirverktaka njóti þeirra réttinda sem tryggð eru í kjarasamningum og lögum. Samiðn ályktaði einnig um þetta mál á miðstjórnarfundi sínum 14. þm. Þar er bent á að hvorki löggjafinn né SA hafi sýnt vilja til að verða við þessari kröfu, þrátt fyrir að mörg dæmi séu um brot gegn

starfsmönnum erlendra undirverktaka sem starfa á vegum íslenskra verktaka. Miðstjórnin bendir einnig á að mikilvægt er að löggjöf um keðjuábyrgð taki bæði til verkefna almenna- og opinbera vinnumarkaðarins og fagnar því að Landsvirkjun, Akureyrarbær og Reykjavíkurborg hafa að eigin frumkvæði sett ákvæði um keðjuábyrgð í sína útboðsskilmála og hvetur ríki og önnur sveitarfélög til að gera það sama.

Talsmenn allra stjórn mála flokka hafa margoft tekið undir okkar sjónarmið í þessum málum en aðgerðir hafa ekki fylgt þeim orðum. Vandamálið hefur vaxið í hlutfalli við fjölgun verkefna í byggingariðnaði. Sífellt berast fréttir af erlendu starfsfólki sem kemur hingað til lands og er hlunnfarið um réttindi sem lög og kjarasamningar tryggja öllu launafólki á íslenskum vinnumarkaði. Skýrar reglur um keðjuábyrgð og kennitölufylling myndu leysa vandann, það er öllum ljóst.

Það er óskiljanlegt að stjórnvöld hafi í öll þessi ár valið að standa vörð um rétt fyrirtækja sem fara ekki að lögum og grafa undan réttindum launafólks og samkeppni á vinnumarkaði. M.a. með því að taka ekki á kennitölufylling og svipta þannig opinbera sjóði skatttekjum til að standa straum af kostnaði við samrekstur þjóðfélagsins. Vonandi breytist það á nýju kjörtímabili.

Að lokum: Meðal efnis í blaðinu er launakönnun. Ég hvet félagsmenn til að fylgjast með því í sínu nánasta umhverfi hvernig kaupin gerast á eyrinni. Margt bendir til að launaskriðið sé ekki að skila sér til iðnaðarmanna enn. Því er rétt að vera á verði og sækja það sem upp á vantar sé þess er kostur. Einnig vek ég athygli á að ályktanir sem nefndar hafa verið ásamt fleirum eru á fit.is.


Ég óska öllum félagsmönnum og fjölskyldum þeirra ánægjulegrar aðventu og jólahátíðar.

Með félagskveðju
Hilmar Harðarson

Laun og launaþróun


Samantekt unnin fyrir FIT af Henny Hinz, deildarstjóra hagdeildar ASÍ, úr gögnum frá Hagstofu Íslands

Laun - verðlag - kaupmáttur 2015




Meðaltal heildarlauna iðnaðarmanna e. störfum árið 2015

mánaðarlaun í þúsundum króna




Meðallaun á almennum og opinberum markaði á árinu 2015 þúsundir króna




Meðaltal heildarlauna iðnaðarmanna e. störfum árið 2015

mánaðarlaun í þúsundum króna




Laun iðnaðarmanna árið 2015



Reglulegt tímakaup iðnaðarmanna eftir störfum

Meðaltal ársins 2015 og framreikningur m.v. launavísitölu iðnaðarmanna til júlí 2016



Desemberuppbót 2016

Starfsmenn sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi 1. desember eiga rétt á desemberuppbót.

Desemberuppbót, að meðtöldu orlofi, er kr. 82.000 fyrir eftirtalda kjarasamninga:

Samtök Atvinnulífsins, Meistarasamband byggingamanna, Snyrtifræðinga, Bílgreinasambandið, Félag pipulagningameistara, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Samband Garðyrkjubænda og Ríkið.

Upphæð desemberuppbótar í eftirtöldum kjarasamningum er:

- Reykjavíkurborg og Strætó kr. 90.700
- OR-ON kr. 95.100,-

- Samband íslenskra sveitafélaga 106.250

- Landsvirkjun 119.454

Uppbótin skal greiddast í síðasta lagi 15. desember miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi telst sem starfstími við útreikning desemberuppbótar.

Iðnnemar í fullu starfi hjá fyrirtæki fá fulla desemberuppbót, annars hlutfallslega eftir starfsframlagi á árinu

Fullt starf telst vera **45 unnar vikur** (fyrir utan orlof).

Reikniregla: Desemberuppbót deilt með 45 margfaldað með unnum vikum

Sjá nánar á heimasíðu FIT: www.fit.is

Kjarakönnun

Hér á eftir eru helstu niðurstöður könnunar sem FIT gerði meðal félagsmanna sinna. Könnunin var gerð í september og október sl. Svarhlutfall var 280 sem er marktækur fjöldi. Karlar voru 262 eða 93,57% en konur sem tóku þátt voru 18 eða 6,43% sem er nærri hlutfalli kvenna í félaginu.


Könnuð var aldurssamsetning þátttakenda og er niðurstaða hennar eftirfarandi.

Á hvaða aldri ert þú?


	Fjöldi	Prósent
Yngri en 25 ára	6	2,14%
25-34 ára	36	12,86%
35-44 ára	55	19,64%
45-54 ára	67	23,93%
55-64 ára	61	21,79%
56 eða eldri	55	19,64%

Að öðru leiti skýra myndirnar sig að mestu sjálfar.


Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta




Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bílgreinar




Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar



Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta? Höfuðborgarsvæðið



Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta? Landsbyggðin





Birta lífeyrissjóður

mun hafa að leiðarljósi HEIÐARLEIKA – TRAUST – FAGMENNSKU

29. september sl. samþykktu aukaársfundir Stafa lífeyrissjóðs og Sameinaða lífeyrissjóðsins að sameina sjóðina undir nafninu Birta lífeyrissjóður. Með sameiningunni verður til fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins með um 18.000 greiðandi sjóðsfélaga og með eignir upp á rúmlega 300 milljarða.

En hvers vegna að sameina tvo vel rekna lífeyrissjóði, er einhver ávinningur í því fyrir sjóðsfélagana?

Lífeyrissjóðir hafa þrennskonar tilgang: Í fyrsta lagi að taka á móti iðgjöldum, í öðru lagi að ávaxta iðgjöldin og í þriðja lagi að greiða lífeyri. Frá því að einstaklingur greiðir fyrst til lífeyrissjóðsins og þar til hann fær greiddan lífeyri geta liðið fjórir til fimm áratugir. Ef einstaklingur sem fær greiddan lífeyri í tuttugu ár eftir að hann hefur töku lífeyris, má reikna með að iðgjaldið standi undir um helmings lífeyrisins en seinni 10 árin eru fjármögnuð með ávöxtun sjóðsins. Ávöxtun og rekstur sjóðsins yfir þetta langa tímabil skiptir því miklu máli og ræður miklu um endanlegan lífeyri.

En hvað kemur stærðin þessu við?

Eftir því sem lífeyrissjóðurinn er stærri er tryggingafræðileg dreifing betri og sjóðurinn hefur meiri möguleika á að byggja upp innra starf t.d með öflugri eignastýringu. Til þess þarf sjóðurinn að

hafa á að skipa starfsmönnum með þekkingu og reynslu. Litlum einingum eru takmörk sett vegna hlutfallslegs kostnaðar. Til að hægt sé að tala um öfluga eignastýringu þarf að vera til staðar hópur einstaklinga með reynslu og fjölbreytta þekkingu.

Stærð Birtu lífeyrissjóðs hefur þetta hvoru tveggja. Tryggingafræðilega dreifingu og burði til að byggja upp öfluga eignastýringu.

Nú er staðan sú að beðið er eftir að Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti samþykktir Birtu og gefi út starfsleyfi. Gengið er út frá því að það liggi fyrir í nóvember og starfsemin geti hafist 1. desember í Sundaboganum.

Þessa dagana er verið að fara yfir alla vinnuferla, setja sjóðnum starfsreglur og ganga frá ráðningu starfsfólks. Samhliða er unnið að gerð fjárfestingastefnu fyrir Birtu en hún á að liggja fyrir 1. desember nk.

Á stefnumótunarfundi Birtu lífeyrissjóðs þann 6. nóvember 2016 var leitast við að móta framtíðarsýn sjóðsins. Til umræðu voru m.a. gildi fyrir sjóðinn, leiðir til að marka honum sérstöðu og hvernig best er að byggja brú á milli sjóðsins og sjóðsfélaganna. Umræðan fór fram í fjórum starfshópum sem hver um sig hafði skilgreind verkefni og allt var þetta undir styrki stjórn Vilhjálmssonar, rektors Háskólans á Bifröst.



STARFSHÆTTIR OG SAMSKIPTI

- Rætt var um hvernig hægt væri að auka áhrif sjóðsfélaganna með beinni aðkomu að ákvörðunum. Hvernig nýta megi tæknina til að auka upplýsingaflæði og gagnvirk samskipti. Einnig var fjallað um daglega þjónustu við sjóðsfélaga.
- Varðandi samskipti við sjóðsfélagana er áhugavert að stíga skref að beinni aðkomu t.d. við val í fulltrúaráðið. Góð upplýsingagjöf til sjóðsfélaga er mikilvæg en hún þarf að taka mið af ólíkri samsetningu sjóðsfélaga. Eldri sjóðsfélagar vilja frekar fá fréttabréf en þeir yngri vilja hafa öll samskipti í rafrænu formi.
- Leggja áherslu á að nýta nýjustu tækni sem er í boði á hverjum tíma til að byggja upp góð tengsl við sjóðsfélagana.
- Góð tengsl við bakland sjóðsins eru mjög mikilvæg og það á að leggja áherslu á að virkja fulltrúaráðið.

ÁVÖXTUN OG MARKAÐSMÁL

- Stjórnarmenn voru beðnir um að leggja mat á hver áhættusækni Birtu ætti að vera.
- Niðurstaðan var að það ætti að taka litla eða hóflega áhættu og leggja áherslu á öryggi umfram áhættu. Forðast miklar sveiflur og hafa langtímasjónarmið að leiðarljósi. Birta á að leggja metnað í að byggja upp árangurs- og áhættumiðað stjórnkerfi sem tryggir öryggi og viðheldur trausti.
- Spurt var um hvort Birta ætti að byggja upp eigin eignastýringu eða úthýsa henni til annarra.
- Niðurstaðan var að leggja ætti áherslu á að byggja upp öfluga eignarstýringu innan sjóðsins og draga úr úthýsingu verkefna.
- Varðandi hvort Birta eigi að leggja áherslu á markaðsstarf var svarið já það á að vera hluti af starfsemiinni og taka bæði til fjárfestinga og öflun nýrra sjóðsfélaga

EIGA ALMANNATENGLS AÐ VERA HLUTI AF DAGLEGUM STÖRFUM SJÓÐSINS?

- Almennatengsl eiga að vera hluti af daglegri starfsemi Birtu.
- Byggja á upp trausta ímynd Birtu og hafa skýr gildi og markmið.
- Birta á að hafa öflugt tengslanet bæði inn á við þ.e.

við sjóðsfélagana og aðra sem flokkast undir að vera bakland sjóðsins.

- Nýta á bestu samskiptatækni sem er í boði á hverjum tíma.

HVER ER SÉRSTAÐA BIRTU OG HVER ÆTTU AÐ VERA GILDI HENNA?

- Flest atkvæði um gildi Birtu fengu: HEIÐARLEIKI - TRAUST - FAGMENNSKA.
- Hver á að vera sérstaða sjóðsins?
- Skýr samfélagsleg ábyrgð.
- Vera í fremstu röð hvað varðar tækni í starfi og samskiptum.

Öll þau atriði sem hér eru nefnd er stjórn og stjórnendur að vinna frekar með en gefa innsýn í þá vinnu sem er í gangi og hvers má vænta.

Mörg önnur verkefni eru á borði stjórnar og stjórnenda Birtu sem unnið verður að á næstu vikum. Það er mikill metnaður hjá stjórn og stjórnendum Birtu lífeyrissjóðs að standa vel að verki og tryggja að okkar lífeyrissjóður verði í fremstu röð meðal jafninga.

Ef þetta er dregið saman getum við sagt að gildi og áherslur Birtu birtist þessum 11 áhersluatriðum:

- Skýr gildi og framtíðarsýn
- Heiðarleiki, traust og fagmennska
- Öryggi umfram áhættu
- Langtímasjónarmið að leiðarljósi
- Skýr áhersla á samfélagslega ábyrgð
- Vera í fararbroddi tæknilega
- Gagnsæi og frumkvæði
- Innvistun verkefna
- Öflug eignastýringardeild
- Samskipti við unga fólk
- Nýta nýja samskiptamiðla í samskiptum

STJÓRN BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS VAR KYNNT Á STOFNFUNDI.

Aðalmenn í henni fyrir launamenn eru: Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Gylfi Ingvarsson, Jakob Tryggvason, Unnur María Rafnsdóttir og Viðar Örn Traustason. Fulltrúar atvinnurekenda í stjórninni eru: Anna Guðný Aradóttir, varaformaður, Davíð Hafsteinsson, Guðrún Jónsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Jón Bjarni Gunnarsson.

FIT á réttri leið

Þjónustukönnun meðal félagsmanna

Í FIT eru um 4.000 félagsmenn og öllu skiptir að þeir séu ánægðir með félagið og þá þjónustu sem þeir fá hjá því. Stjórn og starfsmenn FIT leggja sig fram um að gera stöðugt betur og til að styðja sig í því voru félagsmenn nú spurðir í fjórða sinn um hvað þeim finnst um félagið, þróun þess og þjónustu.


Könnunin var framkvæmd í september og október 2016 þar sem 3.736 félagsmönnum var boðið að taka þátt. Hægt var að svara með rafrænum hætti

á heimasíðu FIT. 280 félagsmenn svöruðu eða 7,5% félagsmanna.


Hér á eftir eru svörin borin saman við sambærilegar kannanir frá 2006, 2009 og 2013 þar sem sömu spurningar voru notaðar.

Stjórn FIT vinnur þessa dagana við að fara yfir niðurstöðurnar og ekki síst þær fjölmörgu ábendingar sem komu frá svarendum, sem hugsanlega geta nýst við frekari eflingu á FIT og þjónustu þess.


Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?



Kynið




Aldurinn




Ánægja með félagið

Sp: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með FIT?




Ánægja með þjónustuna

Sp: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu FIT?




Þróá á þjónustuna

Sp: Telur þú að auka eigi við eða draga eigi úr þjónustu FIT?




Sátt við kjarabaráttu FIT

Sp: Hversu vel eða illa telur þú FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?




Góð samskipti við félagsmenn

Sp: Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?




Ágæt þekking á réttindum sínum

Sp: Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?




Ánægja með símenntun á vegum FIT

Sp: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með símenntun á vegum fræðslumiðstöðva sem FIT er aðili að?




Ánægja með orlofsvalkosti FIT

Sp: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þá orlofsvalkosti sem þér býðst hjá FIT?




Vefsíðan heimsótt

Sp: Hversu oft ferðu á vefsíðu FIT?




Ánægja með fréttabréf FIT

Sp: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf FIT á blaðaformi?




Ánægja með rafræna fréttabréfið

Sp: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með rafrænt fréttabréf FIT?




Facebook-síða FIT ekki vel þekkt

Sp: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með facebook-síðu FIT?




FIT verði sýnilegra

Sp: Telur þú að eigi að auka við eða draga úr sýnileika (t.d. auglýsingar og kynningar) FIT meðal almennings?



Svipuð staða FIT eftir þrjú ár

Sp: Hver heldur þú að staða FIT verði eftir þrjú ár?



Nýkjörnir forsetar ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, Ólafía Rafnsdóttir og Sigurður Bessason ásamt Magnus Gissler, framkvæmdastjóra Norrænu verkalyðshreyfingarinnar.

42. Þing ASÍ á 100 ára afmæli sambandsins

Samstaða í 100 ár - sókn til nýrra sigra!

Þingið stóð yfir 26.-28. október á Hilton Reykjavík Nordica.

UMFJÖLLUNAREFNI ÞINGSINS VORU M.A.:

- Nýtt kjarasamningslíkan
- Velferð
- Atvinnulíf og menntun
- Vinnumarkaður og jafnrétti

Á þinginu voru sitjandi forseti og varaforsetar endurkjörnir.

FIT átti 12 fulltrúa á þinginu.

Nánari upplýsingar um þingið og ályktanir sem þar voru samþykktar eru á heimasíðu ASÍ á slóðinni: asi.is/thing2016/

Afhending sveinsbréfa

Afhending sveinsbréfa fór fram á Hótel Hilton, Suðurlandsbraut 4, miðvikudaginn 21. sept. sl. Að þessu sinni luku alls 75 félagsmenn FIT sveinsprófi í 10 iðngreinum:

16 í bifvélavirkjun, 2 í bifreiðasmíði, 8 í bílamálun, 5 í blikksmíði, 22 í húsasmíði, 1 í húsagnasmíði,

11 í málaraiðn, 2 í múraraiðn, 3 í pípulögnum og 5 í vélvirkjun. Afhent voru verðlaun fyrir hæstu einkun á sveinsprófi. Mæting var mjög góð eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

FIT óskar öllum nýsveinum til hamingju með sveinsprófið.



Sveinn í pípulögnum



Sveinn í múraraiðn



Sveinar í bifvélavirkjun



Sveinar í málaraiðn



Fjölmarginir gestir voru við athöfnina



Ólafur Ástgeirsson, sviðstjóri byggingarsviðs lðunnar býður gesti velkomna.



Að venju voru glæsilegar veitingar



Sveinar í vélvirkjun



Sveinar í blikksmiði



Sveinar í bifreiðasmíði



Sveinar í bílamálun



Sveinar í húsgagnasmíði



Sveinn í bifvélavirkjun, Ingunn Valgerður Theódórsdóttir



Glaðbeittur hópur heldrimanna við Gamla Kaupfélagið á Akranesi

Heldrimannaferð FIT 2016

Laugardaginn 24. september fóru heldri félagsmenn FIT í árlega skemmti- og skoðunarferð. Byrjað var á að senda bíla eftir félagsmönnum af Suðurlandi og Reykjanesi sem síðan komu að Borgartúni 30 þar sem félagsmenn af höfuðborgarsvæðinu bættust í hópinn. Þessu næst var ekið til Akraness þar sem teknir voru upp nokkrir höfðingjar og í leiðinni notaði Hilmar formaður tækifærið til að taka hópinn til altaris. Þegar menn höfðu vætt kverkarnar tók Bogi Sigurðsson við stjórnartaumunum og lét aka kynnisferð um Akranes með hópinn en Bogi er Skagamaður að upplagi og þekkir því vel til. Stefnan var svo tekin upp í Hvalfjörð til snæða hádegisverð og skoða Hernámssafnið að Hlöðum. Staðarhaldarinn, „Gaui litli“ tók vel á móti hópnum, bauð upp á fordrykk og sagði skemmtisögur. Því næst var snæddur hádegisverður, hægeldað lambalæri með kartöflum, rauðkáli, grænum baunum og sósu og tóku menn hraustlega til matar síns. Bogi spilaði svo undir fjöldasöng, „síðasta lag fyrir

eftirrætt“ en svo var borin fram heit súkkulaðikaka með rjómaís. Aftur var lagið tekið með undirleik Boga og skemmtu menn sér hið besta. Að lokum skoðuðu menn safnið og gáfu sér góðan tíma því ekki var ekið af stað aftur fyrr en kl. 15. Þá var ekinn Dragvegur í átt til Skorradals og sá Lárus Lárusson um leiðsögnina enda verið að aka framhjá hans æskuslóðum í Grafardal og Skorradal. Lárus kunni frá mörgu að segja og vitnaði í fornsögur og nýrri vísdom. Var gerður góður rómur að hans innleggi. Ekið var áfram yfir holt og hæðir og áð í minni Lundarreykjadals þar sem tími var kominn á altarisgöngu. Að henni lokinni var stefnan tekin í átt til Akraness þar sem kaffi með rjómapönnukökum beið ferðalanganna í Gamla kaupfélaginu. Að sjálfsögðu var tækifærið notað til að spila og syngja og var að lokum kominn vísir að karlakór í kringum Boga harmonikkuleikara. Endað var á því að taka hópmynd og svo ekið til baka og fóru menn til síns heima sáttir og glaðir.





Félags- og faggreinafundir FIT verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

REYKJANESBÆR:

Mánudagur 28. nóvember Kl. 18.00
Krossmói 4. Súpa í boði félagsins.

REYKJAVÍK:

Þriðjudagur 29. nóvember Kl. 20.00
Borgartúni 30, 6. hæð.

AKRANES:

Miðvikud. 30. nóvember Kl. 20:00
Salur eldri borgara, Kirkjubraut 40

SELFÖSS:

Fimmtudaginn 1. desember kl. 19:00 í sal FIT
að Austurvegi 56, 3 hæð Súpa í boði félagsins.

VESTMANNAEYJAR:

Föstudagur 2. desember kl. 12.00 Kaffi Kró
(ef flugfært er). Súpa í boði félagsins.

FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og lands-
mönnum öllum hugheilar
jóla- og nýárskveðjur.

